



## Ávarp Jónasar Þórs Guðmundssonar, stjórnarformanns Landsvirkjunar, á ársfundi fyrirtækisins 26. apríl 2017

Fjármála- og efnahagsráðherra, Benedikt Jóhannesson, og aðrir góðir gestir!

### **Þarf framtíðin orku?**

Yfirskrift þessa fundar – „Þarf framtíðin orku?“ – er þörf spurning. Við Íslendingar stöndum að mörgu leyti á tímamótum. Eftir mikla uppbyggingu raforkukerfis, sem hefur staðið undir fjölbreyttu athafnalífi og átt þátt í því að tryggja okkur lífskjör og hagsæld sem jafnast á við það besta sem gerist í heiminum, heyrast þær raddir að við ættum að láta staðar numið.

Væri okkur stætt á því? Þurfum við yfir höfuð meiri orku? Þetta er athyglisverð spurning og það er ástæðulaust að gera lítið úr henni, en til að svara verðum við að átta okkur á því hver fórnarkostnaðurinn yrði, ef slík ákvörðun væri tekin.

Þar er í grófum dráttum að tvennu að hyggja. Annars vegar þurfum við að glöggva okkur á því hver þörfin og tækifærin eru fyrir aukna orkuvinnslu til að bæta lífskjörin í landinu. Hins vegar þurfum við að svara því hvort og þá hversu mikil umhverfisáhrif af aukinni orkuvinnslu eru ásættanleg.

Margar náttúruperlur okkar Íslendinga eru svo stórbrotnar og mikilfenglegar að þær verður að vernda fyrir komandi kynslóðir. Ábyrgð okkar í því efni er mikil. Eigi að síður er engum vafa undirorpið, í mínum huga, að unnt er að nýta auðlindir okkar í meiri mæli en nú er gert, án þess að ganga á verðmætar náttúruperlur. Það gildir bæði um ný svæði og svæði sem þegar hafa verið tekin undir orkuvinnslu. Að því er síðarnefndu svæðin varðar hefur hjá Landsvirkjun verið lögð mikil áhersla á að nýta þau betur. Þar eru enn umtalsverð tækifæri.

Orkuvinnsla getur farið fram í sátt við þá sem njóta náttúrunnar. Í því sambandi má nefna að nýleg rannsókn Háskóla Íslands leiddi í ljós að 92% ferðamanna við Blönduvirkjun töldu ósnortin víðerni hluta af aðdráttaraflí svæðisins þótt þar mætti sjá ýmis virkjunarmannvirki. Þá töldu 89% ferðamanna svæðið í kringum Blönduvirkjun náttúrulegt, en um 7% manngert. Þótt af þessum niðurstöðum Háskóla Íslands megi ekki draga of víðtækar ályktanir er ljóst að orkuvinnsla, náttúruvernd og ferðamennska geta farið saman ef vandað er til verka.

### **Afkoma ársins**

Ágætu fundargestir!

Árið 2016 var viðburðaríkt í starfsemi Landsvirkjunar.

Afkoma fyrirtækisins á árinu 2016 var vel ásættanleg, miðað við fremur óhagfelldar ytri aðstæður. Álverð var lágt, eins og verið hefur, þótt það hafi farið hækkandi á seinni hluta ársins. Svo sem kunnugt er, eru tekjur fyrirtækisins að nokkru leyti bundnar við álverð, en úr álverðstengingu hefur verið dregið á síðustu árum. Vegna endursamninga við viðskiptavinum mun draga enn frekar úr henni á næstu árum.



Eftirspurn eftir raforku frá fyrirtækinu var eins og árin á undan meiri en framboð. Til þess að mæta eftirspurninni vinnur fyrirtækið nú að byggingu tveggja virkjana, annarrar á Þeistareykjum og hinnar við Búrfell. Þar er um að ræða fjárfestingu uppá um 50 milljarða króna. Á sama tíma halda hreinar skuldir áfram að lækka, sem endurspeglar sterka fjármunamyndun. Lækkun skulda og bætt lánskjör eru að skila sér í umtalsverðri lækkun fjármagnsgjalda, sem er mjög mikilvægt rekstrinum.

## **Viðhald**

Í raforkuvinnslu er afar mikilvægt að sinna viðhaldi. Fjárfestingar í viðhaldi eru ekkert síður mikilvægar en fjárfestingar í nýjum virkjunum þegar kemur að því að reisa stoðir undir reksturinn. Á árinu var meðal annars ráðist í tvö stór viðhaldsverkefni, annað við Búrfellsstöð og hitt við Laxárstöð, en alls var unnið að 87 fjárfestingar- og endurbótaverkefnum í aflstöðvum á árinu 2016.

## **Sala**

Orkuvinnslan gekk vel á árinu. Þrátt fyrir að samningsgeta fyrirtækisins hafi verið að fullu nýtt í upphafi árs minnkaði selt magn milli ára, þar sem nokkrir viðskiptavinir keyptu minna magn en þeir áttu samningsbundinn rétt til. Á síðasta ári var samið við nýjan stórnotanda, Advania, en samningur um afhendingu á rafmagni til gagnavers á Fitjum gerir Advania kleift að tryggja vöxt í rekstri gagnavera fyrirtækisins.

## **Nýir heildsölusamningar**

Á heildsölumarkaði, þar sem Landsvirkjun selur rafmagn til sölufyrirtækja sem selja það áfram til heimila og almennra fyrirtækja, voru gerðir nýir samningar sem marka töluverð tímamót á þeim vettvangi. Með nýju fyrirkomulagi samninga þurfa sölufyrirtækin ekki lengur að binda aflkaup sín yfir heilt ár í senn, auk þess sem Landsvirkjun eykur framboð sitt í svonefndum skammtímakaupum.

Rafmagnsnotkun er að jafnaði minni yfir sumarmánuðina og því geta sölufyrirtækin náð verulegri hagræðingu í innkaupum sínum með því að skuldbinda sig til að kaupa minna afl á þeim tíma. Landsvirkjun getur nýtt tækifærið og skipulagt viðhaldsverkefni betur en áður og selt afl með styttri fyrirvara þeim sem á þurfa að halda. Þessi hagræðing gerði Landsvirkjun kleift að endurnýja samninga á heildsölumarkaði án þess að verð hækkaði að meðaltali. Nýja fyrirkomulagið bætir þannig nýtingu orkuauðlinda landsins og eykur sveigjanleika orkufyrirtækja til að bregðast við breyttum aðstæðum í rekstri.

## **Reglur um keðjuábyrgð**

Á árinu 2016 urðu þau tímamót að Landsvirkjun setti sér reglur um svonefnda keðjuábyrgð. Reglunum er ætlað að tryggja að allir sem vinna fyrir Landsvirkjun á óbeinan hátt, hjá verktökum, undirverktökum eða starfsmannaleigum, njóti réttinda og kjara í samræmi við lög og kjarasamninga.

Landsvirkjun hefur sjálfsgöðu ávallt lagt áherslu á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum og samningum, en með þessum nýju reglum er leitast við að tryggja enn betur réttindi starfsmanna slíkra aðila.



Ákvæði um ábyrgð verður héðan í frá sett inn í samninga Landsvirkjunar um innkaup, það er að segja verksamninga, vörusamninga og samninga um kaup á þjónustu. Samkvæmt ákvæðinu, sem sett verður inn í samninga Landsvirkjunar, skal verktaki tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn verktaka, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni.

Hingað til hafa samningar fyrirtækisins kveðið á um að mótaðilar – verktakar, undirverktakar og starfsmannaleigur – fari í öllu eftir lögum og samningum sem gilda á vinnumarkaði, en með nýja ákvæðinu er ábyrgðin nánar skilgreind, auk þess sem Landsvirkjun fær úrræði til að framfylgja því að reglunum sé fylgt, þar sem kveðið er á um viðurlög, brjóti mótaðili gegn ákvæðinu eða veiti ekki umbeðnar upplýsingar.

Síðan þessar reglur voru settar hafa verið gerðir yfir 50 samningar með ákvæðum um keðjuábyrgð. Það er afar ánægjulegt fyrir Landsvirkjun að leiða þessa þróun, enda hefur frumkvæði fyrirtækisins í þessum efnum vakið jákvæða athygli á vinnumarkaði og hlotið hljómgrunn víða.

## **Bætt nýting auðlinda og framleiðni**

Ágætu fundargestir!

Eitt mest krefjandi viðfangsefni okkar Íslendinga um þessar mundir er að tryggja góð lífskjör þjóðarinnar til framtíðar. Sem endranær verður það best gert með því að auka framleiðni í hagkerfinu eða, með öðrum orðum, með því að ná sem mestum verðmætum út úr framleiðsluþáttunum. Þetta er ekkert síður brýnt í orkugeiranum en öðrum atvinnugreinum. Í orkugeiranum eru auðlindirnar takmarkaðar og því sérstaklega mikilvægt að hámarka verðið og arðsemina sem við fáum fyrir þær. Orkuvinnsla einkennist af miklum virðisauka vinnuafls og frekar lágum virðisauka fjármagns. Það er því afar aðkallandi að auka arðsemi fjármagns í greininni. Það verður fyrst og fremst gert með því að fá hærra verð fyrir orkuna sem við vinnum.

Landsvirkjun er á góðri leið í þessum efnum, en arðsemi eigin fjár fyrirtækisins hefur verið að batna á undanförunum árum og stefnir nú, með sama áframhaldi, í að verða svipuð og arðsemi hjá orkufyrirtækjum á Norðurlöndunum, sem við viljum bera okkur saman við.

Þessi þróun hefur bæði átt sér stað með bættri nýtingu þess afls sem er í kerfinu, meðal annars með nýtingu framhjárennslis, og endursamningum sem hafa fært verðið á auðlindinni nær því sem gengur og gerist annars staðar. Í því samhengi er vert að geta þess að þessi aukna arðsemi Landsvirkjunar hefur ekki verið sótt með hækkun raforkuverðs til heimila og smærri fyrirtækja. Meðalverð Landsvirkjunar á þeim markaði, það er að segja heildsölumarkaði, hefur ekki fylgt verðlagshækkunum á síðustu árum.

## **Bætt skuldastaða og arðgreiðslur í framtíðinni**

Með aukinni arðsemi og bættri skuldastöðu Landsvirkjunar hillir undir að arðgreiðslur til eigandans, íslensku þjóðarinnar, geti aukist verulega innan nokkurra missera þegar ekki verður lengur nauðsynlegt að greiða niður skuldir í jafn ríkum mæli. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að stofna skuli stöðugleikasjóð sem haldi utan um arð af orkuauðlindum í eigu ríkissjóðs, tryggi komandi kynslóðum hlutdeild í ávinningi af



sameiginlegum auðlindum og geti verið sveiflujafnandi fyrir efnahagslífið. Þetta er metnaðarfullt verkefni.

Ágætu fundargestir!

Ég hef áður haft orð á því á ársfundi Landsvirkjunar að mikilvægt sé fyrir þjóðarhag að Íslendingum lánist að nýta auðlindir landsins af skynsemi. Ekkert gerist þó af sjálfu sér í þeim efnum. Ég leyfi mér því að minna enn og aftur á að frumkvöðlastarf og framkvæmdir fortíðar lögðu hornstein að þeim lífsgæðum sem við njótum. Á sama hátt munu ákvarðanir og athafnir okkar ráða miklu um lífsgæði komandi kynslóða.

Ég þakka áheyrnina!